

Sumarúthlutun orlofshúsa 2015.

Á orlofsvef Svg er nú hægt að bóka vikuleigu í orlofshúsum félagsins, tímabilið frá 1 júní til 31 ágúst. Á vefnum er tímabilið litað með bláum lit og fer pöntun sjálfkrafa fram þegar félagsmaður hefur valið sér tímabil og staðfest með bókun. Verð p.r viku í Syðri Brú og Vesturbrúnum verður óbreytt kr : 30.000.– . S.V.G mun niðurgreiða kr:20.000.– p.r samninga um Húsbíl/fellihýsi osfr

Í sumar verður í boði orlofshús í nágrenni við Akureyri , nánari upplýsingar og verð birtast á vef félagsins svg.is og á bókunavef/orlofsvef. (með fyrirvara kr:35.000.-)

Úthlutun fer fram 18 maí , vefurinn verður opinn frá og með 20 maí og gildir þá reglan „fyrstur kemur fyrstur fær”
Allar bókanir og greiðslur á orlofshúsum félagsins fara fram á orlofsvef svg.is.

Athugið að eftir að greiðsla hefur átt sér stað fær viðkomandi tölvupóst með staðfestingu og upplýsingum um staðsetningu húsa og einnig hvar á að nálgast lykil.

Allt dýrahald er alfarið bannað í orlofshúsum S.V.G.
Leigutaki ber ábyrgð á húsinu og öllu sem því fylgir , skal hann þrifa vel eftir sig og vanda frágang við brottför úr húsi.

FRÉTTABRÉF

Apríl
2015



1.tölublað. 4.árg

Skrifstofa félagsins er að Hafnargötu 9. Grindavík

Opnunartími.....Mánudaga til föstudaga frá 9-13

Sími.....426-8400

Fax.....426-8405

Netfang.....svgrindavik@gmail.com

Veffang.....svg.is

Orlofshús SVG.**Vesturbrúnir og Syðri brú .**

Mjög góð nýting hefur verið í vetrarleigu í bæði húsin ,allar helgar voru nýttar og mikið af virkum dögum, nokkuð hefur borið á slæmri umgengni og ítrekar félagið við félagsmenn að skila húsunum vel þrífnum og full frágengnum. Nýr sófi og rúm eru komin í Vesturbrúnir . Talsvert tjón varð í vetur er frárennslis lagnir frusu við Syðri Brú. Orlofsnefnd mun taka síðustu viku í maí til þess að yfirfara og þrifa húsin fyrir sumarúthlutun.

Rauðhús í Eyjafjarðarsveit

Þriggja herbergja bústaður með svefnlofti (65fm) , við Saurbæ í Eyjafjarðarsveit, rétt innan við Hrafnagil. Húsið er vel búið með potti á verönd með útsýni yfir Eyjafjarðará. Aksturs fjarlægð frá Akureyri c.a. 20 mín.

Húsið kemur í útleigu 29.maí og stendur til boða til 18 september

Orlofsvefur SVG — Frímenn.

Miðasala; nú er þar í boði veiðikortið 2014 og við bætast fyrir sumarið útilegukortið , sund og safnakortið , golfkortið o.f.l. Einnig eru þar í boði Hótelmiðar í Fosshótel, Icelandair , Kea , o.f.l

Afslættir ; Fjöldmörg fyrirtæki bjóða félagsmönnum afslátt af vörum eða þjónustu , nóg er að prenta út viðkomandi miða.

25% afsláttur af sjófatnaði hjá 66´N

Samkomulag hefur náðst milli SVG og Sjóklæðagerðarinnar um 25 % afslátt til félagsmanna , á það við um allann vinnufatnað. Framvísa þarf félagsskirteini , sem hægt er að prenta út af síðu svg.is/orlofsvefur þar sem félagsmaður fer á „síðan mín“ og prentar út skirteini eða tekur mynd á símann

Styrktar og Sjúkrasjóður.

Frá og með árámótum 2015 verða allar styrktargreiðslur úr sjóðnum nema „líkamsræktarstyrkur“ skattlagðar í samræmi við óskir ríkisskattstjóra.

félagsmaður skilar inn afriti eða kemur á skrifstofu og starfsmaður SVG mun ljósrita gögn sem fylgja umsókn , félagsmaður heldur til haga frumgögnum og sendir með skattframtali og fer fram á afslátt.

Skattþrep verður miðstig nema á sjúkradagpeningum og meðferðarstyrk sem eru í lægsta þrepi

Ítrekun frá stjórn Sjómannanna og Vélstjórafélags Grindavíkur

Stjórn S.V.G. ítrekar við félagsmenn að skrifa ekki undir ráðningarsamninga nema með fyrirvara um að þeir standist gildandi kjarasamninga